

VOLDUGASTA ÞJÓÐIN OG ÖNNUR

Það ræður að líkindum, að eins gáfaður maður og ritfær og prófessor Magnús Jónsson hafi skrifað fróðlega og skemmtilega bók um Pál postula. Páll hefir verið einn af mestu áhrifamönnunum í sögu mannkynsins. Það virðist jafnvel mjög efasamt, að án hans hefði nokkur kristni verið til. Án hans mundi sennilega Jesús hafa verið ókunnur öllum fjöldanum, og aðeins fáeinir lærdómsmenn hefðu vitað, að í tölu þeirra, sem á sérstökum örlagatímum Gyðingabjódarinnar komu fram og hugðust vera Messías sá, sem svo mjög hafði verið um spáð, var einn, sem hét Jesús. En undarlegt er það og íhugunarvert, að einmitt sá maður, sem aldrei hafði séð Jesúm eða heyrt, hélt þeirri trú fram til sigurs, að hann hefði verið Messías. Og hversu undarleg sjálf þessi trú er á þann sem koma eigi. Þesskonar hugmyndir munu hafa verið fornar orðnar, þegar Gyðingar tóku þær upp til aukins þroska og hinna mestu afleiðinga fyrir sína eigin sögu. Og það er merkileg saga. Hún sýnir hvað það þýðir, að eiga þjóðlega hugsjón. Það þýðir meira en stórsigrar í styrjöldum. Það þýðir jafnvel meira en að eiga land. Gyðingar hafa, sem þjóð, enga styrjöld háð síðan á dögum rómversku keisaranna. Þeir töpuðu landi sínu gersamlega. En þeir áttu hugsjón, og þeir áttu bókmenntir, sem þeir töldu langmerkastar af öllu, sem ritað hefði verið hér á jörðu. Og sjáið árangurinn. Þessi þjóð, sem svo lengi hefir engan her átt, og ekkert land, er langvoldugasta fólk jarðar vorrar. Gyðingarnir, sem trúðu því að Messías væri kominn, að Jesús frá Nazaret hefði verið Messías, þeir sigruðu einnig fyrir hina Gyðingana, sem ekki trúðu því, og ruddu þeim braut. Það mun vera lágt talið (ef farið er eftir ætterni, en

ekki eingöngu átrúnaði), að Gyðingar séu einar 60—70 milljónir; en áhangendur Gyðinga, þ.e. kristnir menn, eru tíu sinnum fleiri, eða meir en þriðjungur alls mannkyns. Sú tegund gyðingdóms, sem vér nefnum kristindóm, hefir rutt Gyðingum braut til auðs og áhrifa. Allar þær þjóðir, sem kristni tóku, urðu gegnjúðskaðar. Þær tóku upp júðska þjóðernisstefnu, júðskan nationalisma, þó að þeim væri það sjálfum ekki fyllilega ljóst. Hér er ekki um neitt Gyðingahatur að ræða, og það er fjarri mér að ætla að halda því fram, að júðskunin hafi verið eingöngu til ills. En meiri miklu hefir hún þó orðið, en góðu hófi gegnir, og kemur þetta fram m.a. í því, að Gyðingar eiga að tiltölu langmestan hluta af auði hins kristna (þ.e. júðskaða) mannkyns. Í þeirra tölu eru flestir rithöfundar og blaðamenn og hinir frægustu. Gyðingaættar eru einnig hinir frægustu vísindamenn. Er oss hinum, sem ekki erum Gyðingar, eða mjög fylgjandi júðskri stefnu, stórum örðugra um alla sókn.

Í næsta kafla mun ég svo íhuga lítið eitt sögu þjóðar, sem hin ólíkasta er Gyðingum, enga þjóðlega hugsjón hefir átt, sem hún teldi hafa gildi fyrir allt mannkyn, og um langan aldur enga trú á sjálfa sig.

9. maí '29